



Uppgjör 1F 2025



30. apríl 2025

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 1F**
- Í brennidepli – Krónan
- Uppgjör 1F 2025
- Staða og horfur


Helstu niðurstöður á 1F 2025

Vörusala

37,8 ma.kr.

+17,3% milli ára

40 ma.kr.




Framlegð af vörusölu

24,4%

+2,6 p.p. milli ára

30%




Laun/Framlegð af vörusölu

57,6%

+1,5 p.p. milli ára

70%




EBITDA

2,5 ma.kr.

+31,2% milli ára

3,0 ma.kr.




EBITDA/Framlegð af vörusölu

27,0%

Óbreytt milli ára

40%




Handbært fé frá rekstri

2,4 ma.kr.

+347,8% milli ára

3,0 ma.kr.






Helstu atriði uppgjörs

- Rekstur félagsins á fyrsta ársfjórðungi ársins gekk ágætlega og var í takti við áætlanir.
- Vörusala fjórðungsins jókst um 17,3% (2,8% án áhrifa Lyfju) og framlegð af vörusölu um 31,0% (10,5% án áhrifa Lyfju).
- EBITDA fjórðungsins hækkar um 31,2% milli ára (hækkar um 13,1% án áhrifa Lyfju).
- Reksturinn er stöðugur og vöxturinn í takt við væntingar. Fjárhagur félagsins er sterkur og hugur stjórnenda og starfsfólks er samstilltur á tækifærin sem felast í öflugri samstæðu og útvíkkun þjónustu hennar og vöruúrvali.

Fjöldi viðskiptavina og sala á fyrsta ársfjórðungi eykst milli ára


■ 2024 ■ 2025




*2024 inniheldur Lyfju



Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu



Innlend kortavelta*



Erlend kortavelta*

2024 2025

*2024 inniheldur Lyfju



Helstu fréttir af Festi



Kaup á lykilstaðsetningu í Hafnarfirði - Hvaleyrarbraut

- Yrkir keypti Hvaleyrarbraut 3 í Hafnarfirði í apríl, húsnæði og lóð á besta stað við höfnina, sem hýsir m.a. verslun Krónunnar.
- Kaupverð nam 475 millj.kr.
- Kaupin hluti af stefnu félagsins um að eiga lykilstaðsetningar til framtíðar með möguleika á frekari þróun í takt við skipulag bæjarins.



Aukin samnýting staðsetninga Festi

- Yrkir hefur unnið að undirbúningi nýrrar fjölorkustöðvar N1 á Fiskislóð, á sömu lóð og Krónan og ELKO eru staðsett.
- Eldsneytisdælur verða opnaðar þann 1. maí nk. og rafhleðslur síðar í sumar.
- Á sama tíma verður eldsneytisdælum lokað á Ægisíðu sem er liður í samkomulagi við Reykjavíkurborg frá árinu 2021.



Fyrsta nýtingartímabil kaupréttarkerfis framundan


- Kaupréttarkerfi fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar var komið á í fyrra þar sem því var boðið að kaupa hlutabréf á föstu gengi fyrir allt að 500 þús.kr. í þrjú skipti yfir þrjú ár.
- Í samræmi við efni kaupréttar-áætluninnar verður starfsfólki sem hafið hefur störf innan samstæðunnar eftir fyrstu úthlutun boðin þátttaka nú í kerfinu út líftíma þess (2 ár).

ELKO: Hápunktur á 1F 2025



ELKO eykur sinn hlut á markaði

- Á fyrsta ársfjórðungi óx raftækjamarkaðurinn um 2% en velta ELKO jókst um 6%.
- Markaðshlutdeild jókst um 4% skv. mælingum Meniga.



Vefverslun áfram að styrkjast

- **Hlutfall vefverslunar** af sölu verslana **stækkar** og var **27,1%** á 1F á móti 24,7% í fyrra.
- Nýtt útlit vefverslunar hefur bætt hlut hennar í veltu umtalsvert.



Fyrirtækjaviðskipti aukast í vefverslun

- Áframhaldandi áhersla á að auka sölu til fyrirtækja skilaði **3% aukningu á 1F milli ára.**
- Reikningsviðskipti eru 25% í gegnum vefverslun á móti 15% á 1F árinu á undan.



Aukin áhersla á eigin vörumerki

- Áhersla á eigin vörumerki **skilar aukinni framlegð** í reksturinn á 1F með betri skilmálum fyrir viðskiptavinum.
- Hlutfall eigin vörumerkja í 1F eykst í 4.3% úr 3.1%.

Krónan: Hápunktar á 1F 2025



Fleiri afgreiðslur og seld stykki

- Fjöldi afgreiðslna í verslunum jókst um tæp 5% á 1F milli ára.
- Fjöldi seldra stykkja jókst um rúm 3% á 1F milli ára.



Vöxtur Snjallverslunar

- Velta Snjallverslunar jókst um rúm 24% á 1F milli ára.
- Opnað á pantanir fyrir heimsendingar í **Snjallverslun á Akranesi** á fjórðungnum og frekari sókn í undirbúningi.



Framkvæmdir í verslunum

- Yfirhalning í verslun Krónunnar í Vallakór í ferli og verður glæsileg og endurbætt verslun opnuð fljótlega í sumar.
- Framkvæmdir í nýju verslunarhúsnæði á Fitjabraut 5 í Reykjanesbæ í fullum gangi og stefnt á opnun í sumar.



Sjálfbærniskýrsla Krónunnar lifnar við!

- Glæsileg **sjálfbærniskýrsla** gefin út á fjórðungnum.
- Í ár var skýrslan einnig færð í myndrænt form í samstarfi við teiknarann Unnie Arendrup, sem túlkaði innihaldið með sínum einstaka stíl og málaði lifandi veggmynd í Krónunni á Granda.

Lyfja: Hápunktar á 1F 2025



Lyfju appið valið App ársins

- Mars var stærsti mánuður frá upphafi í veltu í Lyfju appinu.
- Appið hlaut tvenn verðlaun hjá SVEF
 - App ársins
 - Hönnun og viðmót ársins



Viðskiptavinir og vitund

- Meðmælaskor Lyfju hækkar um 4,1 punkta milli fjórðunga, frá -3,1 upp í +1,1 og um 10,9 punkta frá sama fjórðungi á síðasta ári.



Augnskimun með gervigreind


- Lyfja stígur skref í vegferð sinni að vera meira en apótek.
- Samstarf hafið við Íslenska fyrirtækið Retinarisk sem veitir augnskimamir fyrir fólk með sykursýki sem fyrirbyggjandi leið við augnsjúkdómum.
- Þjónustan aðgengileg í hjúkrunarþjónustu Lyfju.



Aukin sókn í Lyfju Heyrn

- Ný herferð Lyfju Heyrn gefur góða raun.
- Bókanir í heyrnarmælingu aukast um 58% milli mánaða.

N1: Hápunktar á 1F 2025



N1 að festa sig í sessi á bílavottamarkaði

- Fyrsti heili fjórðungurinn þar sem allar sjö bílavottastöðvar N1 eru starfandi.
- **Rekstrarniðurstöður** fjórðungsins **gáfu góða raun**.
- **Stefnt er að því að bæta við staðsetningum**, þar af tveimur á þessu ári.

Vefverslun í sókn

- Aukin áhersla lögð á **vefverslun N1** síðustu misseri.
- Skilaði sér í **64% söluaukningu á 1F 2025 m.v. sama tímabil í fyrra**.

Nýtt miðlægt dekkjahótel & verkstæði

- Miðlægt dekkjahótel og verkstæði með aðgengi fyrir stærri bíla og fólksbíla **mun rísa** við Borgarhelli, Hafnarfirði **2026**.
- **Samkomulag** var **undirritað** á 1F við verktaka um uppbyggingu húsnæðis og lóðar.

Hleðsluinnviðir styrktir

- **12 Tesla hraðhleðslu-stöðvar** teknar í notkun á **N1 Blönduósi**. Stöðvarnar eru opnar fyrir allar tegundir rafbíla.
- Áætlað er að **skipta út öllum eldri hraðhleðslu-stöðvum N1** fyrir nýrri og öflugri stöðvar í sumari.



- Starfsemin á 1F
- **Í brennidepli - Krónan**
- Uppgjör 1F 2025
- Staða og horfur

Eitt og eitt félag í brennidepli á fjárfestakynningum Festi

– Guðrún Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnir Krónuna



Hlutdeildarfélög

BAKKINN
vöruhótel

Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-görðum og Kletta-görðum, sem sér-hæfa sig í vöruhýs-ingu, pökkun, vöru-merkingu, afgreiðslu og dreifingu á vörum fyrir viðskiptavinum.

ELKO

ELKO er stærsta raf-tækjaverslun lands-ins með fimm versl-anir ásamt einni stærstu vefverslun landsins.

KRÓNAN

Krónan er lágvöruverðsverslun sem rekur 26 verslanir um land allt auk Snjallverslunar.

LYFJA

Lyfja starfrækir 44 apótek og útibú allan hringinn í kringum landið auk vefverslunar og apps.

N1

N1 rekur 29 þjónustustöðvar og 68 eldsneytis-afgreiðslur um land allt ásamt bílaþjónustu og verslunum.

Yrkir

Yrkir er fasteignafélag Festi og rekur og þróar eignir og lóðir í eignasafninu. Tæpir 100 þúsund fermetrar af atvinnuhúsnæði í eigu eða rekstri félagsins.



EAK ehf.

ebk ehf.

dropp

MALIK
SUPPLY

ICELANDIC
FOOD
COMPANY

VÍNPORTIÐ

HEILSA

Heilsuhúsið

ÍSEY
SKYR

KRÓNAN

Guðrún Aðalsteinsdóttir

30. apríl 2025

FRAMTÍÐARSÝN KRÓNUNNAR

Við viljum gera
**heilsusamlegan og
sjálfbæran lífsstíl**
að daglegum
venjum allra.



MARKMIÐIÐ

Okkar markmið er að vera með
ánægðustu viðskiptavinina

HLUTVERKIÐ

Við einföldum lífið í daglegum inn-
kaupum og komum **réttu vöruúrvali**
í hendur viðskiptavina okkar á eins
óþýran hátt og mögulegt er


GILDIN

Við erum **framsækin** við erum
snjöll og við erum **#TeamKrónan**


Krónan hefur aldrei verið í sterkari stöðu




Sterkur tekjuvöxtur drifinn áfram af...



...aukningu í fjölda heimsókna



...og sterkri aukningu í magni



Hagnaður sem hlutfall af EBITDA hækkað síðastliðin ár

Íslenska ánægjuvogin 8. árið í röð

Aukin skilvirkni og kostnaðarhagkvæmni í rekstri

Markaðshlutdeild aukist um 9% síðan 2022 skv. viðhorfskönnun Gallup*

*Í hvaða matvöruverslun er stærstur hluti matarinnkaupa heimilisins gerður?

Vöxtur til framtíðar



- **Aukin sókn á landsbyggðinni**
- **Fyrirtækjaviðskipti og kostur í gegnum Snjallverslun**
- **Nýjar staðsetningar á teikniborðinu**
- **Áframhaldandi stækkun verslana og endurbætur til að mæta betur auknum vexti og þörfum viðskiptavina**
- **Nýting tæknilausna og gervigreindar til að auka skilvirkni innri ferla sem og bæta upplifun viðskiptavina**

Heimsending á landsbyggðinni til rúmlega 20 bæja og nærliggjandi sveita sem er markaðssvæði sem telur um 60 þúsund íbúa

KRÓNAN

Eigin merki í mikilli sókn



24% aukning í magni
155 vörunúmer



20% aukning í magni
40 vörunúmer



41% aukning í magni
60 vörunúmer

Hvernig tryggjum við að viðskiptavinir velji Krónuna?



...við bjóðum upp á upplifun frá byrjun til enda fyrir alla okkar viðskiptavini...

Við erum ekki bara matvöruverslun...



.... og með framsækni og snjóllum lausnum sem mæta þörfum viðskiptavina, núna og inn í framtíðina

Með lykilstaðsetningum og áherslu á samkeppnishæf verð, gott vöruúrval og frábæra þjónustu...




- Starfsemin á 1F
- Í brennidepli - Krónan
- **Uppgjör 1F 2025**
- Staða og horfur

Ytri áhrifabættir 1F 2025


Verðbólga og vísitala launa (ársbreyting)

- ♦ **Launavísitala hækkaði 6,9% sl. 12 mán.** en hún mældist 1.063,9 í lok fjórðungsins samanborið við 995,6 í lok árs 1F 2024.
- ♦ **Neysluverðsvísitalan hækkaði 3,8% sl. 12 mán.** en hún mældist 643,7 í lok fjórðungsins samanborið við 620,3 í lok árs 1F 2024.




Stýrivextir Seðlabanka Íslands

- ♦ **Vaxtalækkunarferli hafið** og stóðu stýrivextir í 7,25% í lok fjórðungsins samanborið við 9,25% í lok fjórðungsins í fyrra.




Sveiflur í gengi eldsneytisverðs milli ára:

- ♦ **Gasolía lækkaði um 1,5% á 1F 2025** en hækkaði um 8,6% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 15,4% lægra milli ára.
- ♦ **Bensín hækkaði um 5,5% á 1F 2025** en hækkaði um 23,8% á sama fjórðungi árið áður. **Meðalverð** var 15,7% lægra milli ára.



Sveiflur í gengi USD/ISK og EUR/ISK á 1F 2025:

- ♦ **USD veiktist um 4,9% gagnvart ISK;** 9,0% munur á hæsta og lægsta gengi
- ♦ **EUR veiktist um 0,7% gagnvart ISK;** 3,7% munur á hæsta og lægsta gengi.




Rekstur 1. ársfjórðungs 2025


- ♦ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 5,6 ma.kr. eða 17,3% á milli ára.
- ♦ **Framlegð af vörusölu** nam 9,2 ma.kr. Aukningin nam 2,2 ma.kr. eða 31,0% á milli ára.
- ♦ **Framlegðarstig** nam 24,4%, hækkar um 2,6 p.p. milli ára.
- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,3 ma.kr., hækkun um 1,4 ma.kr. eða 34,4% milli ára.
- ♦ **Stöðugildin** voru 1.611 á fjórðungnum, aukning um 281 eða 21,1% á milli ára.
- ♦ **Annar rekstrarkostnaður** hækkar um 0,3 ma.kr. eða 16% milli ára.
- ♦ **EBITDA** nam 2,5 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2025, hækkun um 0,6 ma.kr. eða 31,2% milli ára.
- ♦ **Hagnaður** nam 0,3 ma.kr. sem er hækkun um 0,1 ma. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	37.786	32.223	5.563	17,3%
Framlegð af vörusölu	9.212	7.033	2.179	31,0%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	549	508	41	8,0%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.305)	(3.947)	(1.358)	34,4%
Annar rekstrarkostnaður	(1.967)	(1.696)	(271)	16,0%
EBITDA	2.489	1.898	591	31,2%
Hagnaður tímabilsins	279	202	77	38,4%
Önnur heildarafkoma samtals	15	(0)	15	-
Heildarafkoma ársins	294	202	93	45,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	27,0%	27,0%	+0,0 p.p.	0,1%
Laun/framlegð af vörusölu	57,6%	56,1%	+1,5 p.p.	2,6%
Hagnaður á hlut	0,90	0,67	0,23	34,3%


Vörusala



Framlegð af vörusölu





EBITDA



Framlegð af vörusölu á 1F

- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum frá fyrra ári.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 9,2 ma.kr. og eykst um 31,0% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 1F 2025 var 24,4%**, lækkar um 0,1 p.p frá 4F 2024 og 2,6 p.p. frá síðasta ári.
- ♦ **Framlegðarstig hækkar** í öllum vöruflokkum.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 15,0% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagn** eykst um 30,0%, **raftæki** eykst um 7,4% milli ára og **aðrar vörur** hækka um 24,4% milli ára.

Framlegð af vörusölu




Laun og starfsmannakostnaður á 1F 2025


- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,3 ma.kr. og hækkar um 1,4 ma.kr. eða 34,4% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum** fjölgar um 281 milli ára en 32 án Lyfju. **Hækkun vegna stöðugilda án Lyfju** nemur 88 m.kr.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi** hækkar um 8,8% milli ára en 7,5% án áhrifa frá Lyfju.
- ♦ **Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana** nemur 242 m.kr. milli ára.
- ♦ **Hækkun milli ára** nemur 9,9% án áhrifa aukningar í stöðugildum og árshátíðar sem kom inn á aðra ársfjórðunga í fyrra.

Laun og starfsmannakostnaður 1F 2024	3.947
Stöðugildi - breyting	869
Samningsbundnar launahækkunar	280
Breyting í starfsmannakostnaði	157
Kaupréttir	35
Aðrar breytingar	17
Laun og starfsmannakostnaður 1F 2025	5.305

Laun og starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 1F 2025



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvögin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 4,4 ma.kr., aukning um 277 m.kr. eða 6,8% á milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 1,3 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 0,1 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 253 m.kr. sem er minnkun um 39 m.kr. eða 13,5% á milli ára.
- Hagnaður nam 33 m.kr. sem er lækkun um 83 m.kr. eða 71,5% milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	4.364	4.087	277	6,8%
Heildargjöld	(4.112)	(3.795)	(317)	8,3%
EBITDA	253	292	(39)	-13,5%
EBITDA-hlutfall	5,8%	7,1%	-1,4 p.p.	-19,0%
EBIT	78	144	(65)	-45,6%
EBIT-hlutfall	1,8%	3,5%	-1,7 p.p.	-49,1%
Hagnaður	33	117	(83)	-71,5%



Krónan - Helstu niðurstöður á 1F 2025



Matvöruverslanir



Fyrsta verslunarkeðjan á Íslandi með svansvottun



Ánægðustu viðskiptavinir á matvörumarkaði

- Tekjur 18,1 ma.kr., hækkun um 1,0 ma.kr. eða 5,9% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana en nýir staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,5 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og 0,1 p.p. milli ára.
- EBITDA 1.268 m.kr., sem er hækkun um 31 m.kr eða 2,5% á milli ára.
- Hagnaður nam 490 m.kr. sem er hækkun um 27 m.kr. eða 5,9% á milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	18.111	17.101	1.010	5,9%
Heildargjöld	(16.843)	(15.865)	(978)	6,2%
EBITDA	1.268	1.237	31	2,5%
EBITDA-hlutfall	7,0%	7,2%	-0,2 p.p.	-3,2%
EBIT	661	688	(27)	-3,9%
EBIT-hlutfall	3,6%	4,0%	-0,4 p.p.	-9,3%
Hagnaður	490	463	27	5,9%



Lyfja - Helstu niðurstöður á 1F 2025



Apótek og útibú



Jafnvægisvugin 2024



Framúrskarandi
fyrirtæki 2024

- Tekjur 4,7 ma.kr., aukning um 0,2 ma.kr. eða 3,4% á milli ára.
- EBITDA 343 m.kr. sem er aukning um 30 m.kr. eða 9,5% á milli ára.
- Afskrift yfirverðs 74 millj. kr. vegna kaupanna á Lyfju er ekki í samanburðartölum.
- Hagnaður nam 31 millj. kr. sem er minnkun um 12 millj. kr. milli ára.
- Að teknu tillits til afskrifta yfirverðs þá er hagnaður fjórðungsins að hækka um 48 millj. kr. milli ára

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	4.735	4.581	154	3,4%
Heildargjöld	(4.392)	(4.268)	(124)	2,9%
EBITDA	343	313	30	9,5%
EBITDA-hlutfall	7,2%	6,8%	+0,4 p.p.	5,9%
EBIT	78	143	(65)	-45,6%
EBIT-hlutfall	1,6%	3,1%	-1,5 p.p.	-47,3%
Hagnaður	31	43	(12)	-27,9%



N1 - Helstu niðurstöður á 1F 2025



 **96**

Afgreiðslustaðir
eldsneytis

 **12**

Hjólbarða og
smurverkstæði

 **13**

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 11,5 ma.kr., minnkun um 0,2 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns lækkar um 0,3 ma.kr. eða 3,1%. Salan nam 41,2 millj. lítrum sem er 11,9% minnkun frá síðasta ári.
- Framlegð eldsneytis og rafmagns hækkar um 0,4 ma.kr. eða 30,0%.
- EBITDA nam 760 m.kr. sem er hækkun um 369 m.kr. eða 94,5% á milli ára.
- Tap á fjórðungnum var 102 m.kr., og minnkar um 274 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	11.516	11.765	(249)	-2,1%
Heildargjöld	(10.757)	(11.375)	618	-5,4%
EBITDA	760	391	369	94,5%
EBITDA-hlutfall	6,6%	3,3%	+3,3 p.p.	98,7%
EBIT	35	(283)	318	-112,4%
EBIT-hlutfall	0,3%	-2,4%	+2,7 p.p.	-112,7%
Hagnaður	(102)	(376)	274	-72,8%

Yrkir - Helstu niðurstöður á 1F 2025

 **82**

Fasteignir í eigu
samstæðunnar

 **98%**

Húsnæðis í útleigu

 **90%**

Eigin not húsnæðis


- Tekjur 1,1 ma.kr., aukning um 0,5 ma.kr. eða 4,3% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) 925 m.kr. en var 891 m.kr. á 1F 2024.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu er óbreytt eða 98%.
- EBITDA nam 856 m.kr. sem er aukning um 5,1% milli ára.
- Gangvirðishækkun nam 49 millj. kr. sem er lækkun um 65 millj. kr. milli ára
- Tap fjórðungsins nam 18 millj. kr. sem er lækkun um 27 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Heildartekjur	1.096	1.050	45	4,3%
Heildargjöld	(239)	(235)	(4)	1,7%
EBITDA	856	815	41	5,1%
EBITDA-hlutfall	78,1%	77,6%	+0,6 p.p.	0,7%
EBIT	389	447	(58)	-13,0%
EBIT-hlutfall	35,5%	42,5%	-7,1 p.p.	-16,6%
Hagnaður	(18)	9	(27)	-297,1%


Efnahagsreikningur 31.03.2025

Milljónir króna	31.3.2025	31.12.2024	Breyt.	%
Viðskiptavild	18.367	18.367	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	8.105	8.197	(92)	-1,1%
Rekstrarfjármunir	41.098	41.217	(119)	-0,3%
Leigueignir	10.541	10.535	6	0,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.098	7.012	86	1,2%
Eign í hlutdeildarfélögum	2.878	2.915	(37)	-1,3%
Eign í öðrum félögum	14	14	0	0,0%
Langtímakröfur	40	35	5	13,3%
Fastafjármunir alls	88.141	88.293	(151)	-0,2%
Birgðir	15.362	14.118	1.245	8,8%
Viðskiptakröfur	5.668	7.168	(1.500)	-20,9%
Aðrar skammtímakröfur	1.053	1.181	(128)	-10,8%
Handbært fé	5.029	4.075	953	23,4%
Veltufjármunir alls	27.112	26.542	570	2,1%
Eignir samtals	115.253	114.835	418	0,4%

Veltufjárhlutfall



Veltuhraði birgða




- ♦ Heildareignir hækka um 0,5 ma. kr. frá áramótum.
- ♦ Vörubirgðir aukast um 1,3 ma.kr frá áramótum.
- ♦ Viðskiptakröfur lækka um 1,5 ma.kr frá áramótum.
- ♦ Handbært fé nam 5,0 ma.kr. sem er 1,0 ma.kr. hækkun frá áramótum.


Efnahagsreikningur 31.03.2025

Milljónir króna	31.3.2025	31.12.2024	Breyt.	%
Eigið fé	42.421	43.493	(1.072)	-2,5%
Skuldir við lánastofnanir	29.187	29.340	(153)	-0,5%
Leiguskuldir	10.007	10.001	5	0,1%
Tekjuskattskuldbinding	7.805	7.764	41	0,5%
Langtímaskuldir alls	46.999	47.105	(107)	-0,2%
Skuldir við lánastofnanir	3.240	3.227	13	0,4%
Leiguskuldir	1.414	1.388	26	1,9%
Viðskiptaskuldir	11.109	11.787	(678)	-5,8%
Aðrar skammtímaskuldir	10.071	7.834	2.237	28,6%
Skammtímaskuldir alls	25.833	24.236	1.597	6,6%
Skuldir og eigið fé alls	115.253	114.835	418	0,4%

Nettó vaxtaberandi skuldir



Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA



- ♦ **Eigið fé lækkar um 1,1 ma. kr. á tímabilinu en úthlutaður arður nam 1,4 ma. kr. sem greiddur var í apríl. Eiginfjárhlutfallið nam 36,8% í lok fjórðungsins.**
- ♦ Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir **hækka um 1,6 ma. kr.**
- ♦ **Nettó vaxtaberandi skuldir** námu 38.8 ma. kr. og **lækka um 1,1 ma. kr. frá áramótum.**
- ♦ Fjármagnsskipan samstæðunnar er **í takti við stefnu félagsins og vel innan marka lánaskilmála við lánastofnanir.**

Sjóðstreymi samstæðunnar á 1F 2025

- ♦ **Handbært fé frá rekstri nam 2,4 ma.kr. og hækkar um 1,9 ma.kr. milli ára.**
- ♦ **Fjárfestingar námu 0,9 ma. kr. á 1F 2025, aukning um 0,2 ma. kr. milli ára.**
- ♦ **Afborganir af lánum og leiguskuldum námu 0,7 ma.kr.**
- ♦ **Hækkun handbærs fjár á 1F 2025 nam 1,0 ma. kr.**

Milljónir króna	1F 2025	1F 2024	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	4.075	3.362	713	21,2%
Handbært fé frá rekstri	2.407	538	1.870	347,8%
Fjárfestingar	(901)	(741)	(160)	21,6%
Aðrar fjárfestingahreyfingar	137	6	130	2031,4%
Viðskipti við hluthafa	0	0	0	0,0%
Viðskipti við lánastofnanir	(682)	(225)	(457)	203,5%
Gengismunur af handbæru fé	(8)	21	(28)	-136,8%
Handbært fé í lok tímabils	5.029	2.961	2.067	69,8%






- Starfsemin á 1F
- Í brennidepli - Krónan
- Uppgjör 1F 2025
- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	14,0
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,4
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	9,2
Gildi - lífeyrissjóður	9,1
Stapi lífeyrissjóður	5,4
Almenni lífeyrissjóðurinn	4,7
Birta lífeyrissjóður	4,1
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,2
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	3,0
Brú R deild	2,8

Markaðsupplýsingar	31.3.2025	31.12.2024	Breyting
Útistandandi hlutir	311 m.	311 m.	0,0%
Verð í lok tímabils	296 kr.	284 kr.	4,1%
Markaðsvirði	92.053 m.kr.	88.396 m.kr.	4,1%
Velta 12m	51.921 m.kr.	36.098 m.kr.	43,8%
Fjöldi hluthafa	1.240	1.219	1,7%
Hagnaður á hlut (12M)	13,27	13,13	1,0%

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2025

Staða og horfur:

- ♦ Horfur í rekstri heilt yfir góðar þrátt fyrir umrót á alþjóðamörkuðum. Væntingar eru um stöðugleika í þróun verðbólgu, stýrivaxta og á vinnumarkaði.
- ♦ Samlegð af innkomu Lyfju er farin að skila sér sem og vöxtur í net- og appsölu þvert á öll félögin um land allt.
- ♦ Yfirhalning og uppbygging lykileininga í fullum gangi: Bakinn í breytingum á húsnæði til að styðja enn betur við systurfélög, Krónan í Vallakór er í yfirhalningu og ný verslun í Fitjum opnar í sumar, N1 mun skerpa á útliti og þjónustu starfsstöðva sinna, o.fl.
- ♦ Söluferlið á ODR tekur tíma en vonir standa til að niðurstaða fái á öðrum ársfjórðungi 2025.
- ♦ Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi fyrir árið

- ♦ **EBITDA spá fyrir árið 2025 er óbreytt og nemur 14.400 – 14.800 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá félagsins fyrir árið 2025 hækkar um 400 millj. kr. og nemur 5.200 – 5.600 millj. kr.**

Forsendur og áhætta:

- ♦ Þróun verðbólgu, stýrivaxta og gengi íslensku krónunnar.
- ♦ Óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og ferðalög Íslendinga til útlanda.
- ♦ Áhrif stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara.
- ♦ Þróun alþjóðamála og áhrif þeirra á millilandaviðskipti.



Takk fyrir

◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupáttu sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.

